

Mánudaginn 16. septembermánaðar.
Nr. 23/1901.

W. Ó. Breiðfjörð
gegn
Guðmundi Björnssyni.

D ó m u r :

Mál þetta var höfðað í héraði eftir skipun landshöfðingjans yfir Íslandi af Guðmundi héraðslækni Björnssyni gegn kaupmanni W. Ó. Breiðfjörð fyrir ummæli nokkur í 11. tölubl. af 10. árg. bladsins »Reykvíkingur«, sem út kom 1. nóv. f. á.; ummæli þessi, sem stefndi taldi meiðandi fyrir sig, voru í nafnlausri grein með yfirskriftinni: »Fyrir bæjarþingsrétti«, en áfrýjandi er útgefandi og ábyrgðarmaður bladsins. Málinu, sem var gjafsóknarmál af hálfu sækjanda í héraði, var ráðið til lykta með bæjarþingsdómi Reykjavíkur, uppkveðnum 24. jan. þ. á., þannig, að hin átöldu ummæli í nefndri blaðagrein voru dæmd dauð og ómerk og að W. Ó. Breiðfjörð var dæmdur í 60 kr. sekt til landssjóðs, en til vara til að sæta 15 daga einföldu fangelsi, svo og til að greiða allan kostnað málsins, eins og það hefði eigi verið gjafsóknarmál, þar með talin málfærslulaun til hins skipaða málflutningsmanns sækjanda fyrir bæjarþingsréttinum, yfirréttarmálaflutningsmanns Einars Benediktssonar, 10 kr. Þessum bæjarþingsdómi hefir kaupmaður W. Ó. Breiðfjörð skotið til yfirdómsins með stefnu, útgefinni 8. maímán. þ. á. og krafist þess, að hann verði algjörlega sýknaður í málinu og að honum verði tildæmdur hæfilegur málskostnaður, en til

vara, að dómur undirréttarins verði mildaður að mun. Stefndi, héraðslæknir Guðmundur Björnsson, nefir af sinni hálfu krafist þess, að hinn áfrýjandi dómur verði staðfestur og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi með einhverri nægilegri upphæð eftir mati réttarins.

Í áminstri grein í nóvemberblaði »Reykvíkings« f. á. er skýrt frá því, að Guðmundur héraðslæknir Björnsson, stefndi í máli þessu hér fyrir réttinum, hafi mætt sem vitni í máli einu fyrir bæjarþingsrétti Reykjavíkur, og í sambandi við það hefir áfrýjandi þau ummæli í greininni, sem átalin eru, nl.: »að bæjarbúum finnist án efa, að það ganga óhæfu næst, að sjá þar (○: í réttinum) standa einn af æðstu embættismönnum landsins, landlækni dr. Jónassen, áklagaðan af undirmanni sínum, héraðslækni Guðmundi Björnssyni, fyrir ágreining á sjúkdómsnöfnum«; »fyrir réttinum mætti Guðmundur Björnsson sem vitni á móti landlækni«; »G. B. hélt því fram, að landlæknirinn hefði gefið veikindunum fyrnefnt nafn (○: rauðir hundar með skarlatssóttareinkennum) áður en hann hefði séð þau«; »en hvernig G. B. getur vitað með vissu, að landlæknirinn hefði ekki séð veikina, ... þá er hann nefndi hana rauða hunda með skarlatssóttareinkennum, er að minsta kosti öllum lækningaófróðum mönnum óskiljanlegt«; og »er því óhætt að fullyrða, að G. B. vinnur ekki í álitu hjá almenningi fyrir gauragang sinn á móti dr. Jónassen, yfirmanni sínum«.

Það verður eigi álitid, að ummæli þessi felu í

sér aðdróttun að stefnda um það, að hann hafi framið verk, er mundu gera hann óverðugan virðingar samþegna sinna, né heldur eru þau þess eðlis, að í þeim felist áburður, er hljóti að verða virðingu stefnda til hnekkis, og verða þau því eigi talin hegningarverð fyrir þessar sakir. En þar sem svo er komist að orði í blaðgreininni, að bæjarbúum muni finnast það ganga óhæfu næst, að sjá landlækni standa fyrir rétti, áklagaðan af undirmanni sínum, hinum stefnda, fyrir ágreining á sjúkdómsnöfnum, og að það sé óhætt að fullyrða, að G. B., hinn stefndi, vinni ekki í álit hjá almenningi fyrir gauragang sinn á móti yfirmanni sínum, þá þykja þessi orð, sem eigi hafa verið réttlætt af áfrýjanda, ver asvo móðgandi fyrir stefnda, að við lög eigi að varða, einkum þegar tekið er tillit til þess, að hann er undirmaður landlæknisins. Áfrýjandi hefir að vísu sagt, að orðið »áklagaðan« sé prentvilla, og hafi átt að vera »aðvaraðan«, en til þessarar leiðréttingar, sem gerir málsgreinina meiningarlausu, og eigi kom fram, fyr en búið var að höfða mál þetta, verður ekkert tillit tekið. Samkvæmt þessu verður að dæma ómerk hin tilgreindu meiðandi ummæli í hinni átöldu grein »Reykvíkings«, og sekta áfrýjanda fyrir þau, og þykir sektin hæfilega ákveðin samkvæmt 219. gr. í alm. hegningarlögum 25. júní 1869 20 kr., er renni í landssjóð, og komi í stað hennar 6 daga einfalt fangelsi, sé hún eigi öll greidd innan ákveðins tíma. Málskostnaðarákvæði bæjarþingsdómsins samþykkjast, en eftir þessum úrslitum þykir rétt, að málskostn-

aður fyrir yfirdómi falli niður. Það vottast, að því leyti málið hefir verið gjafsóknarmál í héraði, að meðferð þess þar hefir verið lögmat.

Því dæmist rétt vera:

Framantalin meiðandi ummæli um stefnda, héraðslækni Guðmund Björnsson, eiga að vera ómerk. Áfrýjandi W. Ó. Breiðfjörð kaupmaður greiði 20 króna sekt í landssjóð, en sæti 6 daga einföldu fangelsi, ef sektin eigi öll greiðist innan ákveðins tíma. Akvæði bæjarþingsdómsins um málskostnað skulu standa óröskuð og málskostnaður fyrir yfirdómi fellur niður.

Dóminum skal fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 28. októbermánaðar.

Nr. 39/1901.

Réttvísinn
gegn

Jóni Guðmundssyni.

D ó m u r :

Mál þetta var höfðað í héraði gegn ákærða Jóni Guðmundssyni fyrir brot gegn 167. og 175. gr. alm. hegningarlaga 25. júní 1869 og dæmt í aukarétti Norður-Múlasýslu 19. júní síðastl. með þeim úrslitum, að ákærði skyldi fyrir brot gegn 175. gr. hegningarlaganna sæta fangelsi við vatn